

Alþingi
Erindi nr. þ 138/107
komudagur 11.11.2009

Frá: Óskar Í. Sigurðsson [oskar.isfeld.sigurdsson@reykjavik.is]

Sent: 11. nóvember 2009 15:44

Viðtakandi: Gautur Sturluson

Afrit: Atli Gíslason; Ólína Þorvarðardóttir; Sigurður Ingi Jóhannsson; Róbert Marshall; Helgi Hjörvar; Björn Valur Gíslason; Einar K. Guðfinnsson; Jón Gunnarsson; Ögmundur Jónasson
Efni: Upplýsingar um fyrirkomulag matvælaeftirlits í Englandi með kjötvinnslum sem ekki eru í beinu sambandi við sláturhús.

Til sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar Alþingis

Um leið og komið er á framfæri þökkum fyrir að fá tækifæri til að hitta nefndina sendi ég hér með þær upplýsingar sem rætt var um í fundarlok að ég sendi á ritara nefndarinnar. Tekið skal fram að þessar upplýsingar hafa verið sendar til Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis. Um er að ræða upplýsingar um fyrirkomulag eftirlits í Englandi með kjötvinnslum sem ekki eru í beinu sambandi við sláturhús.

Eins og fram hefur komið er ekkert í tilskipunum Evrópusambandsins sem gerir það nauðsynlegt að matvælaeftirlit með mjólkurstöðvum eins og það hefur verið hér verði breytt og það flutt til Matvælastofnunar. Um þetta atriði er ekki ágreiningur.

Ágreiningur hefur verið um hvort að eitthvað í tilskipunum Evrópusambandsins geri það að verkum að matvælaeftirlit með kjötvinnslum, sem ekki eru í beinu sambandi við sláturhús, verði flutt frá Heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga (HES) yfir til Matvælastofnunar. Fulltrúar Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis og Matvælastofnunar hafa haldið því fram að 5. grein tilskipunar 854/2004 þar sem m.a. er fjallað um „cutting plants“ geri það að verkum að öll fyrirtæki, sem skeri eða sagi hluta skrokka, þó ekki væri nema að saga niður læri eða hrygg, skuli vera undir eftirliti Matvælastofnunar.

Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga og Samband íslenskra sveitarfélaga hafa haldið því fram að umræddar kjötvinnslur, þ.e. kjötvinnslur sem ekki eru í beinu sambandi við sláturhús, falli ekki undir þetta hugtak „cutting plants“ og matvælaeftirlit með þeim geti því áfram verið hjá Heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga eins og mengunarvarnareftirlitið.

Samkvæmt upplýsingum á heimasíðu Food Standards Agency, sem hér koma á eftir er ljóst að túlkun Englendinga á þessu atriði er eins og hjá HES og framkvæmd eftirlits með þeim fyrirtækjum eins og hún hefur verið hér á landi.

Hér er slóð á umrædda síðu:

<http://www.food.gov.uk/foodindustry/meat/meatplantsprems/meatpremlcence>

og hér er útdráttur sem varðar þetta atriði:

The meat establishments listed below are subject to Regulations (EC) 852/2004 and (EC) 853/2004 and must be approved by the Meat Hygiene Service (MHS), an executive Agency of the Food Standards Agency, in order to operate, unless they meet the exemption criteria in Regulation (EC) 853/2004:

Slaughterhouses

Farm slaughter facilities

Game Handling establishments

Cutting plants

These establishments are subject to official controls enforced and executed by the MHS. When co-located with an approved slaughterhouse, cutting plant or Game Handling establishment, the following associated activities are also approved by the MHS (when stand-alone, they are approved by the local authority):

Minced meat, meat preparations and mechanically separated meat establishments Processing plants (meat products, rendered animal fats and greaves, treated stomach, bladders, intestines, gelatine, collagen) Cold stores Re-wrapping establishments

Samkvæmt þessu er ljóst að Englendingar telja að það sé ekkert í tilskipunum Evrópusambandsins sem geri það að verkum að þeir þurfi að breyta fyrirkomulagi matvælaeftirlitsins með þessum fyrirtækjum og því ætti einnig að vera ljóst að það er ekkert í tilskipunum Evrópusambandsins sem krefst þess að við breytum okkar matvælaeftirliti með þessum fyrirtækjum.

Rétt er einnig að benda á að verði af því matvælaeftirlit í þessum kjötvinnslum verði fært til MAST þá er búið að fyrirgera þeim einfaldleika eftirlits, að farið sé í matvæla- og mengunarvarnareftirlit í sömu ferð. Þetta er augljóst óhagræði fyrir fyrirtæki á landsbyggðinni.

Með bestu kveðjum,

Óskar Ísfeld Sigurðsson - deildarstjóri

Umhverfis og samgöngusvið Reykjavíkurborgar Matvælaeftirlit City of Reykjavik -
Department of Environment Div. of Food Control, Head of Div.
Borgartún 10-12, IS-105 Reykjavík
Sími/Tel:+354 411 8500. Bréfasími/Fax:+354 411 8505
t-póstur/e-mail: oskar.isfeld.sigurdsson@reykjavik.is
www.umhverfisvid.is